

EINELTI ADGERÐAÁÆTLUN SÍÐUSKÓLA

Yfirlýsing:

Einelti er ekki liðið í Síðuskóla.

Síðuskóli lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verður liðið í skólanum. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og til að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Síðuskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af ábyrð, virðingu og vináttu.

Skilgreining á einelti:

Einelti er endurtekið líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi þar sem einn eða fleiri niðast á eða ráðast aftur og aftur á einhvern annan.

Einelti getur birst í ýmsum myndum:

1. Stríðni
2. Hótunum
3. Útilokun
4. Endurteknu líkamlegu ofbeldi
5. Annarri niðurlægjandi áreitni

Einelti getur birst í einni eða fleiri af eftirtöldum myndum:

Líkamlegt: Barsmíðar, spörk, hrindingar eða meiðingar af öðru tagi.

Andlegt: Hóta, uppnefna, stríða, vera með niðrandi athugasemdir og bréf, útilokun úr hópnum, breiddar eru út sögur og logið upp á.

Munnlegt: Uppnefna, útskúfa, vera með niðurlægjandi athugasemdir eða útiloka úr félagahópi, hvíslast á um þolandann, flissa og hlæja.

Félagslegt: Barnið er skilið útundan í leikjum, því er ekki boðið í afmælisveislur eða aðrar uppákomur hjá bekkjarfélögum, enginn af bekkjarfélögum mætir í afmæli hjá þolandanum. Barnið er algerlega hundsáð, og þarf að þola algert afskiptaleysi.

Oft og tíðum getur verið erfitt fyrir hina fullorðnu að koma auga á einelti þar sem það gerist yfirleitt að þeim fjarstöddum. Þolandinn er oft hræddur við að segja frá og vill frekar þrauka þar sem hann trúir gjarnan að ástandið versni ef vakin er athygli á því. Reynslan sýnir hinsvegar að því fyrr sem er tekið skipulega á eineltismálum því auðveldara er að leysa þau.

Til þess að uppræta einelti er nauðsynlegt að allir standi saman, starfsfólk skólans, nemendur, foreldrar og forráðamenn.

Verði foreldrar eða starfsmenn varir við einkenni eineltis eða annað sem bendir til að barni líði illa, er mikilvægt að kanna málið. Allir sem hafa vitneskju um hvers konar líkamlegt eða andlegt ofbeldi meðal nemenda ber að tilkynna það til umsjónarkennara, námsráðgjafa, stjórnenda eða annarra starfsmanna skólans.

Forvarnir

Hlutverk allra starfsmanna skólans er að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda. Mikilvægt er að stjórnendur, kennarar, skólaliðar, stuðningsfulltrúar, skólabílstjórar, skólahjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi komi upplýsingum um ætlað einelti sem allra fyrst til umsjónarkennara. Í Síðuskóla er starfrækt nemendaverndarráð sem fylgist með framgangi eineltismála. Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og sérkennarar.

Starfsfólk

Allir starfsmenn eru vakandi fyrir því að einelti og ofbeldi geti komið upp í skólanum og tilbúnir til að bregðast strax við ef þeir verða vitni að slíku. Umsjónarkennarar leggja áherslu á góðan bekkjaranda og brýni fyrir nemendum að einelti og ofbeldi leyfist ekki í skólanum. Jafnframt er lögð áhersla á samkennd nemenda og að þeir eigi að láta vita ef þeim sjálfum eða öðrum líður illa. Unnið skal að því að nemendur geri sér grein fyrir þeim sáru afleiðingum sem meiðandi framkoma eða hunsun hefur og þeir hvattir til að setja sig í spor annarra. Umsjónarkennari hafi vikulega umræðu í umsjónarbekk sínum um líðan, samskipti og hegðun. Umsjónarkennarar nemenda í yngstu bekkjum skulu fræða nemendur um tilgang sólarinnar sem er á skólalóðinni en þangað fara nemendur sem hafa ekki leikfélaga og þá skulu aðrir nemendur bjóða viðkomandi með í leik. Skólayfirvöld leitast við að gæta þess að gæsla sé góð í frímínútum, á göngum, á skólalóð, í búningssklefum og sturtum í íþróttahúsi.

Þegar foreldrar eða nemendur snúa sér til starfsfólks vegna eineltis- eða ofbeldismála er mikilvægt að starfsfólk taki ábendingum alvarlega og komi málinu til **eineltisteymis**.

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á að nemendur fái fræðslu um eineltisáætlun skólans (sjá hér fyrir neðan “nemendur”)

Nemendur

- Allir nemendur fræddir um stefnu skólans: Einelti og ofbeldi leyfist ekki.
- Nemendum markvisst kennd góð samskipti frá skólabyrjun. Lögð áhersla á að nemendur séu skólasystkini og eigi að koma vel fram hvert við annað og að ekki megi skilja útundan eða stríða.
- Nemendum kennt að þegar ágreiningur kemur upp þeirra á milli sé rétt að ræða málin og reyna að komast að málamiðlun og fá aðstoð til þess hjá fullorðnum ef á þarf að halda.
- Nemendum kennt að láta vita ef þeir eða aðrir verða fyrir einelti eða ofbeldi, öllum á að geta líðið vel í skólanum og njóta virðingar sem einstaklingar.

- Nemendur þurfa að læra að þeir eru ekki að klaga ef þeir segja frá því að einhverjum líði illa vegna eineltis eða annars ofbeldis.
- Nemendum kennt til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita. Einnig er mikilvægt að sýna nemendum fram á það að skilja útundan og hunsa er jafnmikið einelti og að hæðast að eða berja.

Foreldrar

Allir foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um stefnu skólans í eineltis- og ofbeldismálum og hvattir til að leggja skólanum lið.

Foreldrar eru beðnir að láta börn sín vita að þeir styðji stefnu skólans og vilji hvorki að þau séu lögð í einelti, leggi aðra í einelti né séu áhorfendur að einelti eða ofbeldi.

- Foreldrar geta best stutt stefnu skólans með því að kenna börnum sínum að bera virðingu fyrir öðru fólki og hvetja þau til góðra samskipta við skólafélaga sína.
- Foreldrar hvetji börn sín til að láta vita ef þeim eða öðrum líður illa og séu tilbúnir til að hlusta á þau og veita þeim stuðning.
- Foreldrar hafi samband við umsjónarkennara, námsráðgjafa, stjórnendur eða annað starfsfólk skólans ef þeir fá grun um einelti eða ofbeldi í skólanum.
- Foreldrar verði vakandi fyrir líðan, námsgengi og vinatengslum barna sinna.
- Í nútímasamfélagi er mikilvægt að foreldrar fylgist vel með net- og símanotkun barna sinna.

Mikilvægt er að foreldrar tali af virðingu um skólann í áheyrn barna sinna. Það stuðlar að jákvæðum samskiptum og hegðun í skólanum. Laftframt hvetjum við foreldra til að koma ábendingum, áhyggjum og gagnrýni beint til skólans.

Skólareglur

Síðuskóli hóf haustið 2006 innleiðslu SMT skólafærni. Markmið SMT er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Aðferðin leggur áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Nemendur sem hafa góða félagsfærni sýna síður óæskilega hegðun, eiga auðveldara með að eignast vini og leysa farsællega úr vandamálum og ágreiningsefnum. Skólareglur innihaldi ákvæði um góð samskipti og að einelti og ofbeldi leyfist ekki. Reglur um góð samskipti eru kynntar í öllum bekkjum og nemendum hrósað og umbunað þegar vel gengur. Lögð er áhersla á það við nemendur að þeir virði þessar reglur í skólanum, á leið í og úr skóla, í búningsklefum og sturtum í íþróttahúsi og almennt í lífinu sjálfu.

Á einelti sér stað?

- vill ekki fara í skólann, alltaf, stundum, tímabundið eða fer heim í öllum eyðum, hræðist að fara einn í eða úr skóla
- kvartar undan vanlíðan á morgnana og í skólanum, höfuðverkur, magaverkur
- hættir að sinna náminu, einkunnir lækka,
- fer að koma heim með rifin föt og námsbækur,
- byrjar að stama, missir sjálfstraustið,
- leikur sér ekki við önnur börn,
- neitar að segja hvað amar að,
- kemur heim með marbletti eða skrámur sem hann getur ekki skýrt, verður árásargjarn og erfiður viðureignar,
- vill ekki taka þátt í félagsstörfum í skólanum,
- forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. íþróttir, sund.

Hvernig er tekið á einelti?

Ef grunur leikur á einelti er það skýr stefna Síðuskóla að tekið sé á málinu strax. Eineltismál eru mjög ólík innbyrðis og það sama má segja um ofbeldi sem upp getur komið í skólum. Þess vegna er ekki hægt að setja fram reglur um eitt ákveðið vinnuferli sem alltaf eigi að fara eftir. Þeir sem taka á málum (oftast umsjónarkennari, deildastjórar, námsráðgjafi og skólastjórar) verða að veга og meta hverju sinni hvaða leið sé líklegust til árangurs. Nokkrar meginreglur eiga þó oftast við:

- Ef grunur um einelti (eða annað ofbeldi) kemur upp á að láta umsjónarkennara nemenda vita, hann á að kanna málið og hafa samráð við deildarstjóra og/eða námsráðgjafa.
- Afla upplýsinga meðal samstarfsfólks og nemenda, fá þá til að tjá sig um líðan og bekkjaranda. Gera tengslakönnun. Bekkjarfundir eru mikilvægir, jafnvel með deildarstjóra og/eða námsráðgjafa.
- Regluleg viðtöl við gerendur, þolanda og jafnvel aðra í bekknum til þess að meta stöðuna og vinna að lausn.
- Nemendur læri að nota friðarborðið.
- Senda starfsfólki mynd af viðkomandi nemendum og biðja alla að fylgjast með samskiptum þeirra s.s. á útisvæði, íþróttum og göngum.
- Tryggja þarf öryggi þolanda og afla góðra upplýsinga um málið eins fljótt og hægt er. Ekki á að spyrja þolanda í viðurvist annarra barna og varast skal að gefa gerendum kost á að hópa sig saman í varnarstöðu.
- Þolandi og foreldrar hans eiga að fá stuðning. Þolandinn á að fá að vita að eineltið sé ekki honum að kenna.
- Árangursríkast er að tala við gerendur einn og einn í senn. Mikilvægt er að brjóta upp gerendahóp.
- Þegar talað er við gerendur á að gera þeim ljóst að þeir verði að hætta eineltinu. Sá sem ræðir við gerendur á að sýna þeim kurteisi, varast skammir en ganga út frá því að þeir bæti ráð sitt.

- Þegar foreldrar gerenda eru kallaðir til á að leggja áherslu á að ná góðu samstarfi við þá. Gera skal ráð fyrir að foreldrar vilji ekki að barn þeirra leggi aðra í einelti. Foreldrar eiga oft erfitt með að trúa að barn þeirra hagi sér þannig.
- Þegar nemandi leitar hjálpar vegna eineltis eða ofbeldis verður að koma í veg fyrir að hann verði fyrir hefndaraðgerðum frá gerendum.
- Fylgjast þarf með málsaðilum eftir að unnið hefur verið að lausn eineltismála til þess að sama sagan endurtaki sig ekki.
- Foreldrum er bent á að geyma þau gögn ef um rafrænt einelti er að ræða og jafnvel framvísa þeim til lögreglu telji þeir ástæðu til.
- Ef einelti er illviðráðanlegt og ekkert af ofangreindum aðgerðum dugar er einelti kært til barnaverndaryfirvalda og lögreglu. Skólastjóri tekur ákvörðun um slíkt ef eineltið er á alvarlegu stigi.

Foreldrum/forráðamönnum er gerð grein fyrir:

- a) Þeirri aðstoð sem skólinn getur veitt nemandanum, s.s. viðtöl hjá námsráðgjafa,
- b) Hvað þeir geta sjálfir gert til að aðstoða barn sitt,
- c) Að þeim standi til boða að tala við skólasálfræðinginn og aðra sérfræðinga sem skólinn hefur aðgang að.